

Hafnarfirði, 17. nóvember 2020

Tillögur starfshóps um sumaropnun leikskóla

Erindisbréf fyrir starfshóp um sumaropnun leikskóla var samþykkt á fundi fræðsluráðs þann 12. febrúar 2020. Starfshópurinn tók formlega til starfa þann 19.6.2020, haldnir voru alls 3 fundir.

Starfshópin skipuðu eftirfarandi:

Kristín Thoroddsen, fulltrúi meirihluta og formaður

Margrét Vala Marteinsdóttir, fulltrúi meirihluta.

Karólína Helga Símonardóttir, fulltrúi minnihluta.

Helgi Gunnar Vignisson, fulltrúi foreldra leikskólabarna

Helga Reynisdóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna

Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir, fulltrúi skólastjórnenda leikskóla

Ásrún Steindórsdóttir, fulltrúi leikskólakennara

Með starfshópnum störfuðu tveir starfsmenn mennta- og lýðheilsusviðs:

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, sviðsstjóri og Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Guðrún Þorsteinsdóttir, mannauðsstjóri, Guðmundur Sverrisson deildastjóri hagdeildar og Geir Bjarnason, íþróttá og tómsundafulltrúi

Hlutverk starfshópsins skv. erindisbréfi:

- Starfshópurinn skal skoða útfærslur að leiðum að sumaropnum leikskóla í Hafnarfirði.
- Starfshópurinn skal tryggja að hugað sé að þeim atriðum sem við kemur leikskólastarfi í Hafnarfirði er tengist sumaropnun.
- Starfshópurinn skal taka tillit til og skoða áhrif af sumaropnuninni á ólíka hópa sem koma að leikskólastarfi innan Hafnarfjarðar.
- Starfshópurinn skal halda fundagerðir og skila skýrslu og niðurstöðum til fræðsluráðs.

Starfshópurinn vann eftir samþykkt fræðsluráðs Hafnarfjarðar sem samþykkt var þann 12. febrúar 2020 að tillögum um útfærslu á sumaropnun leikskóla árið 2021. Samþykktin felur í sér þá breytingu að frá og með sumrinu 2021 munu foreldrar geta valið hvenær barn þeirra tekur sumarfrí á tímabilinu 2. maí – 15. september, sbr. 4. gr. laga um orlof 1987 nr. 30 27. mars. Börn munu eins og áður þurfa að taka samfleytt sumarfrí í 4 vikur á umræddu tímabili. Leikskólar verði því opnir 12 mánuði á ári.

Fundir starfshópsins:

Starfshópur fundaði þrisvar sinnum og fylgja fundargerðir starfshópsins með sem fylgigögn.

Markmið með sumaropnun

Markmið með sumaropnun leikskóla Hafnarfjarðar er að koma til móts við óskir foreldra um að hafa leikskólann opinn í júlí og þannig auka möguleika á að foreldrar geti verið í sumarfrí á sama tíma og börn þeirra. Krafa um heilsársopnun er einnig í takt við nútíma samfélag, íslenskt atvinnulíf og rétt barna til að njóta sem flestra stunda með fjölskyldu sinni í fríu sínu.

Eitt af markmiðum hópsins var að benda á leið sem hefur minnstu möguleg áhrif á faglegt starf leikskólanna yfir sumarmánuðina. Einnig var áhersla lögð á að starf og skipulag þess yrði með svipuðu móti og verið hefur. Þá var hugað að því að sumaropnunin hefði ekki áhrif á öryggi barnanna og líðan þeirra í leikskólanum, allt árið um kring. Væntingar eru um að tryggt sé að sú leið sem farin hafi ekki áhrif á traust foreldra til starfsins og að starfsmenn sjái tækifæri í að þróa skóla- og frístundastarf í takt við breytingarnar þrátt fyrir breytingu á töku sumarleyfa þeirra.

Aðdragandi

Samþykkt var á fundi fræðsluráðs þann 10. apríl 2019 að kanna áhuga foreldra leikskólabarna í Hafnarfirði á breytingu á opnunartíma og þjónustubörf leikskólanna yfir sumartímann, en fram að þessu hafa leikskólarnir lokað í einn mánuð yfir sumartímann. Samþykkt var að skoða vilja foreldra með könnun ásamt því að gerð var sambærileg könnun meðal starfsfólks. Farið verður yfir helstu þætti í þeirri könnun hér að neðan, niðurstaða í heild sinni með spurningum er að finna í gögnum með málinu.

Skoðanakönnun

Könnunin var lögð fyrir foreldra leikskólabarna í Hafnarfirði sem áttu barn í einum af 16 leikskólum Hafnarfjarðar sumarið 2018, alls 1238 þátttakendur, 730 svör bárust (59% svarhlutfall). Megin markmið könnunarinnar var að varpa ljósi á það hvort vilji foreldra væri til að hafa val um það hvenær barnið þeirra tæki fjögurra vikna frí frá leikskólanum. Niðurstaða könnunarinnar var sú að 79% foreldra vildu hafa val um sumarleyfi.

Könnun var einnig gerð meðal starfsfólks leikskóla. Könnunin náði til 16 leikskóla eða 427 starfsmanna, svör bárust frá 174 þátttakendum (40% svarhlutfall). 31% starfsmanna vildu samkvæmt könnuninni hafa val um sumarfrí í jún-ágúst

Þættir sem skoðaðir voru við vinnslu á tillögum

Mikil og góð umræða hefur verið um sumaropnunina meðal allra hagsmunaaðila frá því tillagan var samþykkt í fræðsluráði og tók starfshópurinn tillit til þeirra þátt við vinnslu og greiningu.

Eftirfarandi þættir og athugasemdir komu frá starfsfólki og foreldrum og þótti starfshópi mikilvægt að hafa til hliðsjónar.

- Huga þarf að undirmönnun, sérstaklega eftir nýju kjarasamningana
- Hvað verður um undirbúningstíma í júlí mánuði
- Passa uppá „upphaf og endi“ skólastarfs
- Sumaropnun getur aukið á möguleika á auknum sveigjanleika
- Mikilvægt að halda vel utan um skipulag skólastarfsins
- Mikilvægt að börn taki 1 mánuð í orlof – hvað gerist með frístund 5 ára, hvernig kemur hún inn
- Mikilvægt að innrita í feb/mars eins og verið hefur
- Mikilvægt að kynna vel fyrir foreldrum hvernig starfið verður um sumartímann
- Starfsfólk hefur áhyggjur af því að ekki verði hægt að halda uppi faglegu starfi yfir sumarleyfistímann eins og gert er hina mánuðina
- Mikilvægt að halda innritun eins og er í dag
- Huga að börnum sem þurfa sértaka þjónustu
- Huga að alþrifum þegar fæst börn eru í leikskólanum
- Gæta að öryggi barna þegar framkvæmt er á lóð eða húsnæði leikskólans
- Huga að matarmálum þegar matráður tekur sumarfrí
- Kynna niðurfellingu á gjöldum ef barn fer lengur en 4 vikur í frí
- Huga vel að ungum börnum ef færa þarf þau milli deilda
- Huga vel að þjálfun nýs starfsfólks
- Styrkja stjórnendur við að deila niður fríum
- Mikilvægt að skólastarf raskist ekki í 3 mánuði
- Börn ekki í sérþjálfun hugsanlega í 1 mánuð, huga vel að því og kynna vel fyrir foreldrum
- Leikskólinn skilgreindur sem fyrsta skólastigið. Mikilvægt að virða það
- Auka ekki á mun milli leik-og grunnskóla hvað varðar starfsaðstæður þeirra
- Huga að faglegu starfi



Tillögur

Starfshópur setti fram þrjár tillögur að útfærslu og kom sér saman um að kostnaðargreina tvær þeirra. Þeir þættir sem hér eru tilgreindir að ofan voru nýttir við að greina leiðir sem lagðar verða til.

- Tillaga A
 - Óhefðbundið leikskólastarf í júlí. Fastráðið starfsfólk í frí í júlí eins og verið hefur. Ráðnir inn verkefnastjórar sem sinna starfi leikskólanna í júlí. Sumarstarfsfólk úr vinnuskóla 18 ára og eldri er ráðið inn miðað við fjölda barna hvernig sinni.
- Tillaga B
 - Óhefðbundið leikskólastarf í júlí, fastráðið starfsfólk tekur frí frá maí-ágúst. Sumarstarfsfólk úr vinnuskóla 18 ára og eldri er ráðið inn miðað við fjölda barna. Fjöldi starfsmanna sem eru í frí hverju sinni fer eftir því hve mörg börn eru skráð hverju sinni.
 -
- Tillaga C
 - Leikskólinn lokar í tvær vikur en foreldrar velja tvær vikur fyrir framan eða aftan við lokun. Lokað yrði 2. Og 3. vikuna í júlí. Tillaga C varð ekki fyrir valinu og því verður ekki farið nánar í hana hér.

Ákveðið var að vísa tveimur tillögum, A og B til fræðsluráðs til endanlegrar afgreiðslu og ákvörðunar. Í öllum tillögum var horft til þess að hugað væri að starfsemi leikskólanna og starfsfólki en fyrst og fremst öryggi og líðan barnanna. Í öllum tillögum var sameiginleg ákvörðun um að ekki yrði hnikað til frá þeirri ákvörðun að hvert barn skyldi vera samfleytt í frí í 4 vikur á tímabilinu, maí-sep. Í öllum tillögum er gert ráð fyrir að kostnaður verði vegna þrifa og matar í júlímánuði eða 550þ fyrir hvern leikskóla.

Tillaga A

Óhefðbundið leikskólastarf verður í júlí, annað starf leikskólans eins og verið hefur aðra 11 mánuði ársins. Fastráðið starfsfólk tekur frí í júlí en verkefnastjóri stýrir vinnu skólans í fjarveru hans eða aðstoðarskólustjóra. Stjórnendur skólans skipta stjórnun skólans á milli sín eins og þörf er á hverjum stað fyrir sig í júlí.

Starfsfólk, nánar

- Fastráðið starfsfólk tekur frí í júlí eins og verið hefur
- Verkefnastjóri fer með stjórnun í júlí. Gert er ráð fyrir því að verkefnastjóri taki til starfa í júní og ljúki störfum um miðjan ágúst en mikilvægt er að hann fái tíma til að kynnst börnunum. Kostnaður við verkefnastjóra er um 1.830.000 fyrir hvern skóla sem er samtals 31.110.000 í heildina
- Sumarstarfsfólk úr vinnuskóla 18 ára og eldri er ráðið inn miðað við fjölda barna.

Börn/ foreldrar, nánar

- Sækja þarf um frí fyrir börn fyrir lok febrúar
- 5 ára börn útskrifast í maí/júní, eins og verið hefur
- 5 ára börn hætta í leikskólanum og fara yfir í sumarfrístundina í ágúst eins og verið hefur
- Aðlögun hefst í ágúst/september og janúar/febrúar eða eins og verið hefur
- Foreldrum gerð grein fyrir því að sameina þarf mögulega deildir yfir sumartímann vegna sumarleyfa og skipulags
- Foreldrum gerð grein fyrir því að starfsemi er óhefðbundin í júlí
- Vinna markvisst að því að styrkja og kynna fyrir nýjum starfsmönnum þau börn sem eru í leikskólanum þegar starfsmenn taka frí í júlí og verkefnastjóri og sumarfólk kemur inn til afleysingar eða færa þarf þau yfir á aðrar deildir vegna fárra barna þann mánuðinn eða aðra mánuði yfir sumartímann

Tillaga B

Óhefðbundið leikskólastarf verður í júlí, en þó má gera má ráð fyrir því að uppbrot verði á starfi skólans yfir sumarmánuðina eða þegar flest börn taka sumarfrí sitt. Starfsmenn skipta með sér fríum frá maí- ágúst, eða eftir því hve mörg börn eru hverju sinni, Ekki er hægt að segja með vissu hver endanlegur kostnaður verður en greiða þarf álagsgreiðslur ef aðstoðarleikskólastjóri leysir skólastjóra af lengur en 4 vikur í senn, kostnaður við aukagreiðslur til aðstoðarleikskólastjóra yrði þó aldrei hærri en 4.6 m.kr. samanlagt í öllum leikskólum árið 2021. Kostnaður við auka þrif og mat í júlí er talinn vera um 550 þúsund fyrir hvern skóla , kostnaður við þrif og mat veltur einnig á fjölda barna hverju sinni.

Starfsfólk, nánar

- Starfsfólk tekur frí frá maí-ágúst – með áherslu á frítöku í júní og júlí, áhersla lögð á að flestir starfsmenn verði komnir til vinnu um 12. ágúst þegar formlegt skólastarf hefst að nýju, en fjöldi starfsmanna veltur á fjölda barna hverju sinni.
- Stjórnun skólans í höndum skólastjórnenda, eftir atvikum á hverjum stað fyrir sig aðstoðarleikskólastjóri eða leikskólastjóri.
- Einum starfsdegi verður bætt við til að skipuleggja starfsemi leikskólans yfir sumarmánuðina. Leikskólastjóri ákveður að voru hvenær taka á starfsdaginn eða þegar skráningar á fríi barnanna liggja fyrir.
- Starfsfólk vinnuskóla 18 ára og eldri sinna afleysingu eins og á þarf að halda.

Börn / foreldrar, nánar

- Sækja þarf um frí fyrir börn fyrir lok febrúar
- 5 ára börn útskrifast í maí/júní (eins og verið hefur)
- 5 ára börn hætta í leikskólanum og fara yfir í sumarfrístundina í ágúst
- Aðlögun hefst í ágúst/september og janúar/febrúar eða eins og verið hefur

- Foreldrum gerð grein fyrir því að sameina þarf mögulega deildir frá maí/júní-ágúst/sep vegna sumarleyfa starfsfólks
- Foreldrum gerð grein fyrir því að starfsemi geti raskast frá júní – ágúst
- Vinna markvisst að því að styrkja og kynna fyrir nýjum starfsmönnum þau börn sem eru í leikskólanum þegar flestir starfsmenn eru í fríi og sumarfólk kemur inn til afleysingar eða færa þarf þau yfir á aðrar deildir vegna fárra barna á ákveðnum tíma.

Verkefni sem starfshópurinn telur mikilvægt að hugað sé að við undirbúning á sumaropnun.

Verkefni	Ábyrgðaraðili
Barn skal taka frí samfleytt í 4 vikur	Leikskólastjóri
Taka ákvörðun um lámarksfjölda	Sviðsstjóri gefur út viðmiðunartölu
Framkvæmdir á skólalóð	Leikskólastjóri / framkvæmdarsvið
Breyting á alþrifum	Leikskólastjóri, í samvinnu við Daga ehf
Skólalok að vori	Leikskólastjóri – með sama hætti og verið hefur
Upphaf skólastarf að hausti	Leikskólastjóri – með sama hætti og verið hefur
Innritun barna	Mennta og lýðheilsusvið
Tryggja mat í þeim mánuði sem matráður tekur frí	Gert í samráði við matráð eða Skólamat. Leikskólastjóri ber ábyrgð
Reglur verði gerðar skýrar á heimasíðu bæjarins	Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs
Foreldrar skrái börn sín fyrir lok febrúar ár hvert	Leikskólastjóri í samráði við þróunarfylltrúi leikskóla sendir bréf til foreldra. Leikskólastjóri sér um skráningar.
Niðurröðun á fríum starfsmanna, á við um leið B)	Leikskólastjóri ber ábyrgð. Mannauðsdeild verður innan handar.
Skráningarkerfi fyrir starfsfólk varðandi töku orlofs	Vinnustund, launa, mannauðsstjóri og mennta- og lýðheilsusvið,
Óhefðbundið skólastarf í júlí. Búa börnum öruggt leikumhverfi á meðan á sumarstarfi stendur. Áhersla á fjölbreytt óhefðbundið leikskólastarf	Frístundasvið verður skólastjórnendum innan handar með útfærslu ef með þarf.
Sumarstarfsfólk úr vinnuskóla (18 ára og eldri). Hreyfanleiki sumarstarfsmanna milli leikskóla.	Allt sumarstarfsfólk fær þjálfun við hæfi. Innritunarfylltrúi er tengiliður við Vinnuskólann um fjölda starfsmanna miðað við fjölda barna hverju sinni. Vinnuskólinn skilar inn tillögum um 30-35 starfsmenn. Mennta- og lýðheilsusvið sér um að ráða inn milægt og deila út í samvinnu við leikskólastjóra.

Auka starfsdagur yfir sumartímann (ef leið B)	Leikskólastjóri ákveður hvenær hann er tekinn að vori.
Aðlögun í ágúst	Leikskólastjóri ber ábyrgð, gert með sama sniði og verið hefur, í ágúst/sep
Leikskólagjöld verði innheimt yfir sumartímann. Mikilvægt að stilla saman dagsetningar á skilum vegna gjaldakeyrlu, undirbúa þá aðila sem koma að þessum þætti, leikskólastjórnendur, Karellen og fjárreiðudeild.	Gjaldkerfi Karellen, leikskólastjórar færa inn eftir umsóknum. Fjárreiðan setur inn. Þróunarfulltrú leikskóla hefur yfirsýn yfir verklagi.
Greining á verkefninu að loknu sumarleyfi. Greina þarf eftirfarandi þætti eftir bestu getu: kostnað, nýtingu á vistundartíma, upplýsingaflæði, almennt skipulag, líðan barna, sjónarmið allra hagsmunaaðila, barna, foreldrar, starfsfólks og leikskólastjóra	Leikskólastjórar skila matsblaði. Viðhorfskönnun meðals foreldra Tölulegar upplýsingar/nýting á dvalarstundum keyrðar úr Karellen og hjá rekstrarstjóra á mennta- og lýðheilsusviði

Ljóst er að ofangreind upptalning mun ekki ná yfir alla þá þætti sem þarf að huga að en vinnulag og annað tengt almennri starfsemi er á valdi skólastjórnanda í hverjum skóla fyrir sig og verður því ekki farið nánar í einstaka þætti í starfi leikskólanna.

Samantekt :

Megin munurinn á þeim tveimur leiðum sem um ræðir eru að í tillögu A eru fastráðnir starfsmenn ekki í vinnu í júlí en í stað þeirra verði ráðinn verkefnastjóri sem sinnir starfi og hefur yfirumsjón í júlí, en í tillögu B deila fastráðnir starfsmenn með sér fríi yfir sumartímann og er því á hverjum tíma fastráðinn starfsmaður í vinnu.

Starfsmenn hafa bent á að sumaropnun geri það að verkum að á einhverjum tímapunkti verði barnið ekki með sama starfsfólki og það er vant. Ef farin verður leið A þá er ekki hægt að tryggja að fastráðið starfsfólk, sem barnið er vant, sé í vinnu í júlí og 2 vikur til viðbótar fyrir eða eftir vegna 6 vikna sumarfrís starfsfólks, í staðin er verkefnastjóri og sumarstarfsmenn frá vinnuskóla. Fastráðnum starfsmönnum verður þó boðið að vinna í júlí óski þeir eftir því að sinna starfi verkefnastjóra og taka frí sitt á öðrum tíma en í júlí.

Ef farin verður leið B þá er á hverjum tímapunkti einhver úr starfsliði skólans, ekki hægt að gera ráð fyrir því að það sé einmitt sá starfsmaður sem barnið er vant að hafa á sinni deild en starfsmaðurinn er ekki nýr í þeirri merkingu, viðkomandi þekkir vel til starfs leikskólans og þeirra þátta sem tryggir öryggi barnsins. Í þeirri tillögu er gert ráð fyrir að starfsmenn taki frí sitt á tímabilinu maí/júní – ágúst/september eða eftir fjölda þeirra barna sem er í fríi hverju sinni og færir þá frí starfsmanna milli mánaða eins og þekkist víðsvegar í samfélaginu.

Við ákvörðun um þær leiðir sem lagðar eru fram var tekið tillit til þeirra þátta sem starfsfólk benti á og unnið út frá því að sumaropnunin myndi ekki setja faglegt starf leikskólans í uppnám. Helst var þar bent á að skólastarfið myndi sem minnst raskast. Lögð var áhersla á að útskrift elstu barnanna yrði í maí/júní eins og verið hefur, að hefðbundnu skólastarfi geti verið lokið um miðjan júní eins og verið hefur og að það geti hafist að nýju með hefðbundnum hætti í ágúst. Þá var bent

á að gott væri að aðlögun barna gæti hafist í ágúst/september líkt og undanfarin ár. Hægt er að segja að báðar þessar leiðir séu að viðhalda „endi“ og „upphafi“ starfs leikskólanna, eins og starfsfólk leikskólanna hefur lagt áherslu á að viðhalda.

Þrátt fyrir þá rýni og skoðun sem farið hefur fram er alveg ljóst að ekki verður hægt að bera kennsl á eitt og annað í skipulagi um breytt verklag sem þessi ákvörðun kallar á. Það er því tillaga hópsins að gerð verði árangursmæling að loknu sumri.

Árangursmæling

Sú breyting að hafa leikskóla Hafnarfjarðar opna í 12 mánuði hefur í för með sér breytingar á skipulagi, það er óhjákvæmilegt. Hversu mikla breytingu, er erfitt að sjá fyrir um og ekki hægt að segja til um hvaða þættir þeir eru í raun og veru sem þarf að rýna betur fyrr en í lok sumars. Því er afar mikilvægt að árangursmeta þá þætti er snúa að verklagi, líðan barna og starfsfólks og fyrirkomulagi skólastarfsins í lok sumars. Gera þarf árangursmælingu meðal hagsmunahópa, barna, starfsmanna, foreldra og þeirra sem að starfi leikskólana koma. Sú árangursmæling skal fara fram á haustmánuðum 2021.

Safna skal saman tölulegum upplýsingum til að átta sig á því hvernig sumarfrí barnanna dreifðust, hversu mörg börn voru í frí hverju sinni og þá hvernig gekk að skipta starfsmönnum niður yfir sumartímann. Skoða þarf hvernig skráningar gengu fyrir sig og hvort kynning á sumaropnuninni og verklagi var kynnt með ásættanlegum hætti.

Kalla skal eftir skýrslu frá foreldraráðum allra leikskólanna haustið 2021 ásamt skýrslu frá skólastjórnendum um það hvað mætti betur fara og hvernig starfsemin gekk yfir sumartímann. Gera má viðhorfskönnun meðal foreldra haustið 2021. Niðurstöðurnar úr ofangreindum mælingum ættu að segja til um það hversu vel verkefnið heppnaðist og hvar þarf að forgangsraða umbótum. Ófyrirséð vandamál geta komið upp en erfitt er að bera kennsl á þau fyrr en breytingunni hefur verið hrundið af stað.

Fyrir hönd starfshóps um sumaropnun

Kristín María Thoroddsen formaður fræðsluráðs



HAFNARFJÖRÐUR